



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Auður Ýr Sveinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2005

Tilvísun: UST20040600135/sf

### Efnistaka úr óshólmum Eyjafjarðarár, Eyjafjarðarsveit. Matsskylda.

Við er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 3. mars sl. þar sem óskað er frekara álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000. Með bréfinu fylgdi skýrsla Jóns Magnússonar og Sverris Thorstensens um fugla á Leirunni fyrir botni Eyjafjarðar.

Umhverfisstofnun gaf umsögn um fyrirhugaða efnistöku með bréfi dags. 1. júlí 2004. Það var mat stofnunarinnar að leggja yrdi fram ítarlegri upplýsingar um fuglalíf til að hægt væri að meta hugsanleg umhverfisáhrif efnistökkunnar. Í framangreindri skýrslu eru teknar saman niðurstöður talninga á fuglum að vorlagi á Leirunni fyrir botni Eyjafjarðar á árunum 1994-2004. Í henni kemur fram lónið austan Eyjafjarðarbrautar eystri (talningarsvæði 5) er greinilega mikilvægt fyrir helming algengustu tegundanna á Leirunni, þ.e. stökkönd, skúfönd, æður, tjald, sendling, lóupræl, jaðrakan og stelk, en fjöldi þessara tegunda er meiri en hlutfallsleg stærð svæðisins (> 6% af heildarfjölda). Hlutfallslegur fjöldi lóupræls er 21%, skúfönd 20%, stelkur 19%, stökkönd 15%, jaðrakan 13%, sendlingur 8% og æður 8%. Í skýrslunni kemur einnig fram að mikilvægasta fæðusvæðið fyrir vaðfuglana á svæði 5 er leiran norðan tangans sem gengur vestur í lónið um miðbik þess. Röskun á því svæði getur haft veruleg áhrif á afkomu fyrrgreindra tegunda en einnig haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir varpfugla í óshólmunum sem nýta leiruna sem fæðusvæði. Í skýrslunni segir m.a.: „Ef dælt verður upp úr þessum hluta lónsins eða það fyllt upp er hætt á að fæðusvæði ofangreindra fugla raskist verulega. Þetta getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þessar tegundir. Alls óvist er hvort fuglarnir hafi möguleika á að sækja fæðu á önnur svæði Leirunnar, t.d. vegna samkeppni milli einstaklinga. ...Röskun fæðusvæða Leirunnar getur einnig haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir þá varpfugla í óshólmunum sem sækja fæðu sína í Leiruna, t.d. stelk og jaðrakan. Friðun varpsvæða í óshólmunum gæti því verið í uppnámi ef fæðusvæði fuglanna verður skert.“

Ekki liggja fyrir upplýsingar um fuglategundir og fjölda fugla sem nýtir svæðið yfir sumartímann enda tekið sérstaklega fram í framangreindri skýrslu að þær talningar á fuglum sem gerð er grein fyrir nái aðeins yfir vortímann, þ.e. frá lok mars til seinni hluta maímánaðar.

Samkvæmt gögnum framkvæmdaraðila er fyrirhugað að taka efni á 15.000 m<sup>2</sup> svæði og er áætlað efnismagn um 41.000 m<sup>3</sup>. Lónið mun dýpka um 2-4 metra á því svæði sem efnistakan fer fram. Efnistakan og fyrirhuguð íbúðarbyggð verður á nyrðri hluta lónsins, sbr. fylgiskjöl með fyrirspurn um matsskyldu frá 15. júní 2004, en það er sá hluti lónsins sem er mikilvægasta fæðusvæðið fyrir vaðfugla á svæði 5 og þar með lakasti kosturinn varðandi efnistöku, sbr. greinargerð Jóns

Magnússonar og Sverris Thorstensens. Áhrif efnistökkunnar yrðu minni, skv. ábendingum í greinargerðinni, ef efni væri tekið sunnan tangans sem gengur vestur í lónið um miðbik þess eða norðan Leiruvegar. Efnistakan ylli minnstri röskun ef hún færi fram á tímabilinu september til mars.

Með hliðsjón af framangreindu telur Umhverfisstofnun að efnistaka í norðanverðu lóninu innan við Leiruveg og Eyjafjarðarbraut eystri, þ.e. norðan tangans sem gengur vestur í lónið um miðbik þess, geti svæðisbundið haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif á ákveðnar tegundir fugla. Einnig verður að líta til þess að upplýsingar vantar um fjölda fugla er nýtir svæðið yfir sumarið.

Umhverfisstofnun telur að ef meta ætti hugsanleg umhverfisáhrif efnistökkunnar yrði einnig að líta til hugsanlegra sammögnunaráhrifa með öðrum fyrirhuguðum framkvæmdum á Leirunni fyrir botni Eyjafjarðar. Samkvæmt auglýstri tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2028 er gert ráð fyrir töluverðum landfyllingum á leirunni vegna stækkunar á öryggissvæði flugvallarins sem og mikilli efnistöku. Þá er samkvæmt tillögu að deiliskipulagi óshólmasvæðis Eyjafjarðarár gert ráð fyrir efnistöku á leirunum og er stór hluti leiranna á milli Eyjafjarðarbrautar eystri og flugvallarins afmarkaður sem efnistökusvæði á auglýstri skipulagstillögu. Efnistaka á Leirunni og áformaðar landfyllingar vegna strandbyggðar og stækkunar á öryggissvæði Akureyrarflugvallar geta því haft í för með sér umtalsverða röskun á búsvæði/fæðusvæði fugla og þar með afkomu þeirra í ósum Eyjafjarðarár.


Ef efni verður tekið sunnan tangans sem gengur vestur í lónið um miðbik þess eða norðan Leiruvegar og efnistakan fer fram á tímabilinu september til mars er ólíklegra að fyrirhuguð efnistaka muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.


#### Niðurstaða

Það er mat Umhverfisstofnunar að efnistaka í norðanverðu lóninu innan við Leiruveg og Eyjafjarðarbraut eystri geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif á einstakar tegundir fugla í ósum Eyjafjarðarár. Hins vegar sé ólíklegra að áhrifin verði umtalsverð ef efni verður tekið í lóninu sunnanverðu eða norðan Leiruvegar og efnistakan fer fram á tímabilinu september til mars.

Umhverfisstofnun minnir á að efnistökusvæðið er innan svæðis nr. 510 á náttúruminjaskrá og að leirur skulu njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Því ber að leita umsagnar stofnunarinnar um fyrirhugaða efnistöku skv. 37. og 38. gr. fyrrgreindra laga áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Minnt er á að umsögn Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum jafngildir ekki umsögn skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst,

  
Sigurrós Friðriksdóttir  
Fagsviðsstjóri

  
Helgi Jónsson  
forstöðumaður framkvæmda-  
og eftirlitssviðs